

Íslenskur iðnaður

SI

7. tbl. 14. árg

Samtök iðnaðarins

Júlí 2008



Tækniskólinn hefur starfsemi

Menntamálaráðherra dregur fánann að húni

Fjöltækniskóli Íslands og Iðnskólinn í Reykjavík voru formlega sameinaðir í Tækniskólann ehf. 1. júlí við hátíðlega athöfn í húsnæði skólans á Skólavörðuholti.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, ávarpaði gesti. Hún kvaðst þess fullviss að stofnun Tækniskólans væri stærsta raunhæfa sporið sem tekið hefði verið í þá átt að auka veg og virðingu iðn- og tæknináms. Heppilegt væri að stofnun skólans bæri upp á sama tíma og ný lög um framhaldsskóla tækju gildi. Nú væri þróun iðn- og tæknimenntunar komin beint í hendur atvinnulífsins. Miklu skipti að vel tækist til.

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI og formaður rekstrarfélags Tækniskólans, lagði áherslu á að atvinnulífið hefði fullan hug á því að nýta

þau tækifæri sem nýr skóli gæfi til þess að fjölga iðn- og tæknimenntuðu fólki. Með stofnun Tækniskólans rættist loks ósk atvinnulífsins um öflugan skóla sem starfaði beint í þágu atvinnulífsins.

Nýtt nafn skólans er Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins og er hann stærsti framhaldsskóli landsins. Gert er ráð fyrir að um 1.800 nemendur stundi nám í dagsskóla á haustönn. Innritun í nýja skólann hefur gengið vel og hafa fleiri umsóknir borist en samanlagt í IR og FTÍ seinustu ár.

Tækniskólinn er einkarekin og er rekstrarfélagið í eigu Samtaka iðnaðarins, Lands sambands íslenskra útvegsmanna, Samorku, Samtaka íslenskra kaupskipaútgerða og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.



Jón B. Stefánsson, Þorgerður K Gunnarsdóttir, Jón Steindór og Baldur Gíslason að afhendingu lokinni

bls. 2



Grundvallaratriði

bls. 3



Veik staða krónunnar

bls. 5



Starfsmenn SI vottaðir

bls. 7



Starfsmanna-sjóður verkstjóra



Gott til endurvinnslu

Grundvallar- atriði

Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI



Þrengingar í efnahagsmálum hafa sett svip sinn á umræðu um atvinnumál á liðnum mánuðum. Það eru mikil umskipti eftir uppgang og bjartsýni liðinna ára. Þegar kreppir að leiða menn gjarnan hugann að þeim grunnþáttum sem verða að vera fyrir hendi til þess að atvinnulífið blómstri. Þættir sem eiga til að gleymast þegar lestin brunar að því er virðist af sjálfu sér. Hér verður minnst á þrjá þeirra sem gæta þarf að. Sá fyrsti er í ólestri en hinir tveir á réttri braut.

Stöðugleiki

Sjaldan höfum við verið minnt jafn hastarlega á hve dýrkeyptar sveiflur í gengi krónunnar eru. Hve erfitt er að tjónka við verðbólguna með stýrivöxtum og hve fljótt veður skipast í lofti. Dollarinn kostaði í lok árs 2007 um 62 krónur en um 85 krónur þegar þetta er skrifað. Evran var 91 en er nú um 131 krónur. Það er því ekki að furða að samkvæmt könnun sem var gerð í byrjun júní kemur í ljós að 59% þjóðarinnar vilja taka upp evru en 25% eru því mótfallin. Þessi met stuðningur við evruna er auðvitað ekkert annað en ákall um stöðugleika. Stöðugleika sem fæst ekki nema með aðild að Evrópusambandinu og evru. Aðild að Evrópusambandinu vilja nú tæp 52% en rúm 26% eru henni andvíg. Til langframa stenst atvinnulífið ekki þann mikla herkostnað sem krónunni fylgir og við því verður að bregðast.

Nýsköpun

Hagsæld og velferð hvers þjóðfélags er reist á getu til nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu. Skilyrði fyrir nýsköpunar- og sprotafyrirtæki hafa að mörgu leyti verið erfið í góðæri undanfarinna ára, eins þverstæðukennt og það kann að hljóma. Það er gleðilegt að margt bendir til þess að umhverfið sé að verða frjósamara og skilyrði til vaxtar að batna. Tækniþróunarsjóður er smám saman að eflast. Þar er orðin merkjanleg áherslubreyting sem felur í sér að fyrirtækin sjálf njóti styrkja. Líkur á því að styrkir sjóðsins skili sér í vexti og útflutningstekjum vega þyngra en áður. Nýir aðilar hafa verið að hasla sér völl á sviði fjárfestinga eins og sjóðirnir BRÚ II sem hefur verið starfræktur um nokkurt skeið og AUÐUR I sem er nýtekinn til starfa. Síðast en ekki síst tókst Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins að fá til liðs við sig viðskiptabankana þrjá og helstu lífeyrissjóði landsins til þess að stofna sjóðinn Frumtak. Fari að óskum hefur hann a.m.k. fjóra og hálfan milljarð króna til ráðstöfunar á næstu árum til að fjárfesta í



nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem eru vænleg til vaxtar og útrásar.

Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins

Bókvit verður svo sannarlega í askana látið. Allt kapp ber að leggja á góða menntun og þar mega verk- og tæknigreinar ekki bera skarðan hlut frá borði. Hröð uppbygging hefur orðið í menntamálum og hefur atvinnulífið komið þar að og hleypt æskilegri samkeppni í menntakerfið.

Nærtækt er að nefna Háskólann í Reykjavík. Samtök iðnaðarins komu að því að sameina Tækniháskólann og HR. Fyrst og fremst í þeim tilgangi að efla verk- og tækniþræðinám auk þess að varðveita frumgreinadeild Tækniháskólans. Þessa dagana er að hefja göngu sína nýr framhaldsskóli sem verður flaggskip iðn- og starfsmennta í landinu. SI standa að rekstri skólans ásamt LÍÚ og fleiri samtökum í atvinnulífinu. SI líta svo á að góð grunnmenntun á sviði iðnaðar- og tækni sé undirstaða þess að hér sé hægt að reka fyrirtæki í fremstu röð sem standa erlendum keppinautum á sporði. Þakka ber ráðherra menntamála þá framsýni og kjark að ganga til samninga við einkaaðila um rekstur stærsta framhaldsskóla landsins. SI munu leggja sitt að mörkum til þess að Tækniskólinn rísi undir merkjum.

Vegagerðin grípur til verðbóta


Vegagerðin hefur ákveðið að verðtryggja öll jarðvinnu- og byggingaverk út árið. Verktakar hefðu neyðst til að segja sig frá verkum ef ekki hefði verið gripið til verðbóta segir Árni Jóhannsson, forstöðumaður mannvirkjasviðs SI.

Vegagerðin hefur ákveðið að verðtryggja öll jarðvinnu- og byggingaverk út árið en útboð Vegagerðarinnar hafa hingað til einungis verið verðtryggð ef þau eru til lengri tíma en tólf mánaða. Í samtali við Fréttablaðið sagði Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri að tilboð væru orðin há og að nokkuð bæri á að verktakar teldu sig ekki geta staðið við gerða samninga vegna efnahagsástandsins. Hreinn sagði það hagkvæmara fyrir Vegagerðina að fara þessa leið þó að gera mætti ráð fyrir tapi á einhverjum verkum því þegar verktakar þurfi ekki að velta fyrir sér þróun verðbólgu eða eldsneytis- og hráefnisverði verði tilboðin almennt hagstæðari.

Aðgerðir Vegagerðarinnar eru svar við kröfum um leiðir til úrbóta en SI fóru skömmu áður fram á það við Vegagerðina að komið yrði til móts við verktaka vegna þess efnahagsástands sem nú ríkir. Árni Jóhannsson, forstöðumaður mannvirkjasviðs segir að verktakar hefðu neyðst til að segja sig frá verkum ef Vegagerðin hefði ekki gripið til verðbóta. „Vegna lækkana hráefnisverðs s.s. olíu voru forsendur verk-samninga einfaldlega brostnar.“

Veik staða krónunnar

Gengisþróun evru gagnvart krónu 2008



Krónan hefur átt erfitt uppdráttar það sem af er þessu ári. Nemur veiking hennar um 40%. Gengi evru fór hæst í um 130 krónur en var um 90 krónu við upphaf þessa árs. Óhjákvæmlega afleiðing svo mikils gengisfalls er verðbólguþróun en nú mælist 12 mánaða verðbólga um 12,7%. Hrátt dregur úr kaupmætti og einkaneyslu í kjölfarið en á móti batna skilyrði útflutningssamkeppnisgreina sem búið hafa við erfitt ástand síðustu ár vegna óvenju sterkar stöðu krónunnar.

Ástæður þessarar þróunar eru af margvíslegum toga. Í fyrsta lagi hafa vextir á Íslandi verið mjög háir um langt skeið og vaxtamunur við útlönd mikill. Það hefur orsakað mikla styrkingu á gengi krónunnar sem ljóst var að fengist ekki staðist til lengdar. Í öðru lagi hafa aðstæður

á alþjóðlegum fjármálamörkuðum verið mjög erfiðar í kjölfar lausafjárkreppunnar. Víðtæk áhættufælni virðist ríkja meðal fjárfesta víða um heim. Þar sem krónan er afar lítil hávaxtamýnt verður hún illa úti við þær aðstæður. Loks má nefna að skuldatryggingarálag ríkisins og bankanna hefur hækkað talsvert að undanförunu og líklega má rekja veikingu krónunnar síðustu vikur til þess. Takmarkað aðgengi íslenskra bankastofnanna að erlendu lánsfé frá gengisfallinu í mars hefur valdið því að erlendir fjárfestar hafa ekki getað sótt í þá háu ávöxtun sem í boði er hérlendis.

Ef aðgengi að erlendu lánsfé eykst búast flestir við að gengi krónunnar geti styrkst nokkuð á ný en ómögulegt er að tímasetja slíkar breytingar.

Bjarni Már Gylfason

Íslenska ánægjuvogin hefur fest sig í sessi

Á aðalfundi Íslensku ánægjuvogarinnar kom fram mikil ánægja með hversu vel fyrirtæki nýta sér niðurstöður vogarinnar. Á fundinum kom fram að mikilvægi samskonar mælinga í Bandaríkjunum væri mikið og hefði meðal annars áhrif á verð hlutabréfa. Mikið samræmi er á milli mælinga á Íslandi og annarra vísbendinga um markaðinn.

Davíð Lúðvíksson hjá Samtökum iðnaðarins sagði eftir fundinn að Íslenska ánægjuvogin hefði fest sig í sessi. Það væri nánast daglegt brauð



að fyrirtæki vitnuðu í niðurstöður hennar í auglýsingum.

Á þessu ári voru í fyrsta sinn hafnar mælingar á fyrirtækjamerkaði (B2B) og fór sú mæling fram í bankastarf-

semi. Vonir standa til að með breyttu gagnasöfnunarfyrirkomulagi og með hjálp internetsins verði hægt að skjóta styrkari stöðum undir mælingarnar í framtíðinni.

Íslenska ánægjuvogin er félag sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísir og Capacent Gallup standa að hvað varðar þátttöku í Evrópsku ánægjuvoginni. Markmið hennar er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina. Auk annarra þátta sem hafa áhrif á hana, eins og ímynd, mat á gæðum og tryggð viðskiptavina.



IÐAN flytur

IÐAN fræðslusetur er flutt í nýtt húsnæði að Skúlatúni 2. IÐAN hefur starfað frá árinu 2006 og starfsemin stórfelst á þeim stutta tíma. Hjá IÐUNNI eru 6 svið með um 19 starfsmönnum.

Að sögn Hildar Elínar Vignir, framkvæmdastjóra IÐUNNAR var eldra húsnæðið að Hallveigarstíg 1 óhentugt og löngu sprungið utan af starfseminni. Það var því kominn tími til að flytja í húsnæði sem rúmar hana.

Húsnæðið er sérhannað fyrir starfsemi IÐUNNAR og verður breytingin til þess að efla starfsemina enn frekar. Meðal nýjunga er bókasafn sem aðildarfélagar geta nýtt sér og fengið bækur og mynddiska til útláns. Kennslustofur verða á fyrstu hæð hússins en skrifstofur og móttaka á annarri hæð. Auk símenntunar fyrir fagmenn býður IÐAN upp á náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þjónustu við starfsgreinaráð og ýmsa aðra þjónustu við starfsfólk í íslenskum iðnaði. Nýr námsvísir kemur út í ágúst með auknu framboði námskeiða fyrir starfsfólk í íslenskum iðnaði.



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
7. tbl. 14. árg. Júlí 2008
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 08.07.2008
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjórn/efnisöflun: Rakei Pálsdóttir/Sigríður Guðlaugsdóttir
Prófastur: Rakei Pálsdóttir/Sigríður Guðlaugsdóttir
Umbrot/efnisöflun: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota rit að efnisátt í Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Trésmiðjan Akur hlýtur D-vottun

Trésmiðjan Akur á Akranesi hefur hlotið D-vottun sem er fyrsta þrepið á áfangaskiptri gæðavottun Samtaka iðnaðarins. Með því er stigið fyrsta skrefið til að vinna skipulega að því auka framleiðni og bæta starfsumhverfi fyrirtækisins. Ferdinand Hansen, forstöðumaður gæðamála hjá SI afhenti Teiti Stefánssyni, framkvæmdastjóra Akurs viðurkenningarskjal í húsakynnum SI.



Trésmiði í hálföld

Akur var stofnað árið 1959 og því nær hálfri aldar gamalt og hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi. Verkefni Akurs hafa alla tíð verið afar fjölbreytt m.a. hefur fyrirtækið byggt fjölda fjölbýlishúsa á Akranesi auk margra annarra stórra sem smárra verkefna. Nú hin síðari ár hefur aðalstarfsemi fyrirtækisins verið framleiðsla á íbúðarhúsum - timbur-einingahúsum og sumarhúsum, auk verk-takastarfsemi.

Markvissari starfsemi

Teitur Stefánsson, framkvæmdstjóri Akurs segir tilganginn með þessu ferli fyrst og fremst vera sá að styrkja starfsemi fyrirtækisins og gera hana markvissari. „Við vorum búin að fara í ýmis atriði áður en vinnan við vottunina hófst, vorum t.d. búin að gera gæðahandbók fyrir fyrirtækið þar sem allir vinnuferlar eru vel skilgreindir.“

Um 30 manns starfa að jafnaði hjá fyrirtækinu og vinnan við gæðastjórnunina leggst vel í þá. „Starfsmenn hafa tekið þessu vel og við ætlum okkur að halda áfram á sömu braut og stefnum að því að hafa lokið öllum áföngum árið 2010,“ segir Teitur.

Gott framtak hjá SI

Gæðavottun SI er áfangaskipt í fjórum þrepum og vottun fyrsta þreps, D-vottun, krefst þess að fyrirtæki standist tiltekna kröfur um aðgengi að áreiðanlegum upplýsingum um staðreyndir í rekstrinum. SI hefur boðið upp á áfangaskipta

gæðavottun frá árinu 2006. Teitur fagnar þessu framtaki Samtakanna og segir þetta góðan þátt í starfseminni. „Mig langar að koma á framfæri sérstöku þakklæti til Ferdinands sem hefur stutt okkur dyggilega í öllu þessu ferli, ekki eingöngu við D-vottunina heldur einnig við gerð gæðahandbókarinnar.“

Breytingar á Íbúðalánasjóði

Ríkisstjórnin boðaði breytingar á Íbúðalánasjóði í síðasta mánuði. Lánveitingar sjóðsins munu nú miðast við kaupverð eigna í stað brunabótamats en hlutfallið verður enn 80%. Þá verður hámarkslánið hækkað úr 18 milljónum í 20 milljónir.

Fulltrúar vinnumarkaðarins höfðu ítrekað lýst yfir áhyggjum af efnahagsástandinu og kallað eftir aðgerðum stjórnvalda og bent á leiðir til úrbóta, m.a. að beita Íbúðalánasjóði og styrkja gjalddeyrisforðann. Á fundi sem aðilar vinnumarkaðarins sátu með ráðherrum voru efnahagsmálin rædd og í kjölfarið var tilkynnt um breytingar á starfsemi Íbúðalánasjóðs.

Flestir eru sammála um að þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar séu afar jákvæðar og mikilvægt skref í átt að umbótum fasteignamarkaðarins. Margir eru þó þeirrir skoðunar að ganga þurfi enn lengra, t.d. með því að

Starfsmenn SI vottaðir

Hagnýt samanburðarviðmið fyrir metnaðarfull fyrirtæki

„Microscope“ er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins og Impru nýsköpunarmiðstöðvar



Starfsmenn Comparison International frá Bretlandi þeir Gerry Oates og Michael Jones með vottuðum starfsmönnum SI þeim Davíð Lúðvíkssyni, Bryndísi Skúladóttur, Ragnheiði Héðinsdóttur og Haraldi Dean Nelson

Fjórir starfsmenn Samtaka iðnaðarins hafa hlotið vottun Comparison International og eru því fullgildir ráðgjafar við notkun greiningartækisins Microscope. SI hafa um árabil í samstarfi við Impru - Nýsköpunarmiðstöð Íslands staðið fyrir innleiðingu og notkun hagnýtra samanburðarviðmiða. Fjöldi fyrirtækja í iðnaði og þjónustu hefur nýtt þessar aðferðir í tengslum við stefnumótunarstarf sitt á undanförunum árum.

Íbúðalánasjóði

hækka hámarkslán enn meir og láns- hlutfall til fyrstu kaupa í 90%. Einnig hefur komið fram að lækka þurfi stýri- vexti sem fyrst og ljúka við umbætur á lánamarkaðnum.

SI hafa lengi bent á að úrbóta væri þörf og hafa hvatt ríkisstjórnina til að grípa til aðgerða m.a. með bréfi til forsætisráðherra þar sem stjórnvöld eru hvött til að spyrna við fæti, senda frá sér skýr skilaboð og grípa til mark- vissra aðgerða. Jón Steindór Valdi- marsson, framkvæmdastjóri SI fagna því þessum breytingum sem efalaust verða íbúðakaupendum til mikilla hagsbóta og eru liður í því að koma hreyfingu á fasteignamarkaðinn á ný. Það eina sem vanti upp á sé afnám stimpilgjalda og vörugjalda á bygg- ingavörum. Árni Jóhannsson, forstöðu- maður mannvirkjagreina hjá SI tekur í sama streng og segir breytingarnar samhljóma því sem SI hefur lagt til.

Innviðir og árangur

„Microscope“ er greiningartæki og gagna- grunnur til að meta innviði og árangur fyrirtækja og skoða stöðu fyrirtækisins í samanburði við hóp framsækinnna fyrir- tækja í viðkomandi starfsgrein sam- kvæmt alþjóðlegum metnaðarfullum viðmiðum (World class) í nútímarekstri.

Microscope samanstendur af spurninga- listum, mælitækjum, gagnagrunnum, aðferðum og skýrsluformum með mynd- rænni framsetningu á niðurstöðum. Að- ferðin byggir á sjálfsmati stjórnenda og starfsmanna fyrirtækjanna undir leiðsögn vottaðra ráðgjafa. Helsti kostur hennar er hraðvirk greining og auðskiljanlegt framsetningarform á niðurstöðum. Stjórn- endur fyrirtækja sem kynnst hafa þessari aðferð lýsa upplifuninni á svipaðan hátt og að fá skjótvirka „adrenalín“ inngjöf í reksturinn til að takast á við mikilvæg umbótaverkefni.

Réttur samanburður

Hlutverk ráðgjafanna er að tryggja rétt- an skilning sjálfsmatshópsins á þeim þáttum sem metnir eru og að mat þeirra fari fram á samanburðarhæfum grunni. Gögnum fyrirtækjanna er komið fyrir í sameiginlegum alþjóðlegum gagnagrunni þar sem hægt er að fylgjast með árangri yfir lengra tímabil og bera stöðu fyrir- tækisins saman við þá viðmiðunarhópa sem til staðar eru í gagnagrunninum hverju sinni. Ráðgjafarnir gegna lykilhlu- verki í því að viðhalda réttum viðmiðum og gögnum í gagnagrunninum.

Stöðugar umbætur

Microscope-greiningartækið er endur- skoðað með nokkurra ára millibili m.t.t. nýjustu aðferða og viðhorfa meðal fram- sækinnna fyrirtækja á hverjum tíma. Ráð- gjafarnir þurfa að tileinka sér þessar breytingar og viðhalda vottun sinni til að tryggja rétt samanburðarviðmið í gagna- grunninum. Af þessu tilefni hefur hópur ráðgjafa undanfarið verið á námskeiðum og tekið þátt í vottunarferli á vegum alþjóðlegra umsjónaraðila Microscope, Comparison International. Í hópi níu ráðgjafa sem hlutu vottun Comparison International í síðasta mánuði eru fjórir starfsmenn SI.


Átaksverkefni starfsgreina

Tilgangur SI með innleiðingu Microscope greiningartækisins er að tryggja aðildar- fyrirtækjum Samtakanna aðgang að öflugum greiningartæki fyrir framsækin fyrirtæki sem nýtist þeim í stefnumótun og umbótastarfi. Einnig geta fyrirtæki innan tiltekinna starfsgreina farið í Micro- scope-úttekt hvert fyrir sig. SI tekur síðan saman heildarniðurstöður fyrir hóp- inn þannig að greina megja þá sameigin- legu þætti sem eru veikleikar íslenskra fyrirtækja í samanburði við fyrirtæki innan sömu greina í öðrum löndum. Slík- ar niðurstöður gæfu tilefni til sameigin- legra átaksverkefna í viðkomandi starfs- grein t.d. á sviði stjórnunar, mennta- og þróunar

Davíð Lúðvíksson

Aukinn útflutningur og betra jafnvægi

Mánaðarlegt útflutningsverðmæti
áls 2003-2008 í milljörðum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

Í maí nam útflutningsverðmæti áls 17,7 milljörðum króna og hefur aldrei verið meiri í einum mánuði. Aukinn útflutningur áls stuðlar nú að því að hratt dregur úr viðskiptahalla og ytra jafnvægi þjóðar-búsins batnar. Framleiðslugeta álfyrirtækjanna þriggja sem starfa á Íslandi er nú því sem næst fullnýtt og reiknað er með að útflutningstekjur áliðnaðarins í ár geti numið allt að 170 milljörðum króna. Í ljósi þeirra efnahagsþrenginga sem liggja í loftinu og skertu aðgengi að erlendu lánsfé kemur styrkur áliðnaðarins berlega í ljós. Hátt olíuverð reynist atvinnulífinu erfitt en á móti kemur að hátt orkuverð í heiminum stuðlar að herra álverði og þar með meiri útflutningstekjum fyrir Ísland. Með útflutningi á áli frá Íslandi er í reynd verið að flytja út vistvæna orku með óbeinum hætti.

Frekari verkefni á dagskrá

Undirbúningsframkvæmdir við nýtt álver Norðuráls í Helgúvík eru þegar hafnar og áætlað er að fyrsti áfangi álversins verði

tekinn í gagníð árið 2010. Reiknað er með að álveríð verði það fyrsta í heiminum sem eingöngu er knúíð raforku frá jarðvarma.

Alcoa fyrirhugar að reisa álver á Bakka við Húsavík og var viljayfirlýsing stjórnvalda og fyrirtækisins um hagkvæmniatugun nýverið endurnýjuð. Áfram er gert ráð fyrir því að álveríð nái fullum afköstum árið 2015, verði niðurstaða athugana jákvæð. Samhliða framlengingu á viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Alcoa og Norðurþings er unnið að framlengingu á viljayfirlýsingum Alcoa og Landsvirkjunar um raforkusölu og Alcoa og Landsnets um orkuflutning.

Loks íhugar Alcan á Íslandi að auka framleiðslugetu álversins í Straumsvík um 45 þúsund tonn á ári. Engin ákvörðun liggur þó fyrir en talið er að framkvæmdir gætu hafist þegar á næsta ári. Verði af stækkuninni mun orkan líklega koma frá Hellisheiði.

Bjarni Már Gylfason

Nýtt félag um skilakerfi raf- og rafeindatækja

Haldinn var undirbúningsfundur þann 10. júlí um stofnun félags til að reka skilakerfi framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja. Markmið félagsins er m.a. að kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs og tryggja söfnun og móttöku á úrganginum frá söfnunarstöðvum.

Félagið er stofnað vegna lagabreytingar sem samþykkt var á nýafstöðnu þingi sem leggur nýjar skyldur á innflytjendur og framleiðendur og felast í því að tryggja förgun þessara tækja að notkun lokinni. Þeir skulu skrá sig fyrir 1. október nk. Félaginu er ætlað að tryggja að meðhöndlun þessa úrgangs verði með eins hagfelldum hætti fyrir fyrirtækin og kostur er.

Skilakerfið nær til framleiðenda og innflytjenda eftirtalinnna flokka raf- og rafeindatækja:

Raf- og rafeindatæki sem hönnuð eru til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1.000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1.500 volt. SA, SVÞ, SI og FÍS standa að stofnun félagsins og hvetja öll fyrirtæki sem flytja inn eða framleiða raf- og rafeindatæki til taka þátt í þessu mikilvæga verkefni frá upphafi. Áhugasamir geta haft samband við Bryndísi Skúladóttur hjá SI, netfang: bryndis@si.is.

Marorka tilnefnt til umhverfisverðlauna

Hátækniyrirtækið Marorka hefur verið tilnefnt til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2008. Fyrirtækið vinnur að þróun tölvukerfa sem miða að því að lágmarka olíunotkun skipa og draga þannig bæði úr mengun og eldsneytiskostnaði.

Alls eru 37 fyrirtæki og einstaklingar tilnefndir til verðlaunanna. Flestir frá Svíþjóð eða 16 talsins. Níu tilnefndir eru frá Finnlandi, sjö frá Danmörku og þrjár frá Noregi. Þetta er í 14. sinn sem verðlaunin eru afhent. Verðlaunafé er 350 þúsund danskar krónur eða rúmar 5,7 milljónir íslenskra króna. Verðlaunin



Dettifoss skip Eimskipa er með orkustjórnunarkerfi frá Marorku

munu koma í hlut þess fyrirtækis, vöru, hönnunar eða þjónustu á Norðurlöndum sem þykir hjálpa hvað mest við að draga úr orkunotkun almennings.

Lítill hluti tilnefndra kemst áfram í aðra umferð keppinnar sem tilkynnt verður um í september. Endanleg úrslit verða svo kunngerð á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í lok október.

Umhverfisverðlaunin eru ein fjögurra verðlauna sem Norðurlandaráð veitir. Hin eru fyrir bókmenntir, kvikmyndir og tónlist.

Starfsmenntasjóður verkstjóra tekur til starfa

Gengið hefur verið frá samkomulagi um Starfsmenntasjóð fyrir verkstjóra. Samtök atvinnulífsins og Verkstjórasamband Íslands hafa með því mótað sameiginlega stefnu um grunn- og eftirmenntun verkstjóra „sem uppfyllir þekkingarkröfur sem verkstjórar þurfa að búa yfir á hverjum tíma,“ eins og segir í samþykktum sem undirritaðar voru þann 1. júlí sl. Jafnframt var ákveðið í kjarasamningi milli þessara aðila að 0,30% af heildarlaunum verkstjóra verði greiddar í Starfsmenntasjóð frá sama degi.

Í samþykktunum er tekið fram að markmiðum sjóðsins verði m.a. náð með því að:

- Kanna reglulega þarfir atvinnulífsins fyrir menntun verkstjóra
- Skilgreina nám sem mætir þeim þörfum
- Meta námsframboð og viðurkenna námstilboð sem uppfylla kröfur um skilgreint nám og ákvarða styrktarframlag til þeirra
- Veita einstaklingum og fyrirtækjum

sem greiða í sjóðinn styrki til að sækja viðurkennt nám

Ennfremur er gert ráð fyrir að sjóðurinn styrki námsefnisgerð og námskeiðshald sem annars væri ekki í boði en þörf er á. Leita jafnframt eftir samstarfi við stjórnvöld sem bera ábyrgð á fræðslu- og menntunarmálum sem og öðrum þeim sem bjóða fram nám sem getur komið að haldi við fræðslu verkstjóra.

Samningsaðilar skipa fjögurra manna stjórn – jafnmarga frá hvorum. Hún ber ábyrgð á rekstri sjóðsins enda er hann sjálfstæður lögaðili. Einnig hefur stjórnin umsjón með framkvæmd þeirra verkefna sem henni eru sett í samþykktum og getið er um hér að ofan. Hún setur sér nánari vinnureglur um hvernig námsstuðningi verður háttað til þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem greitt hefur verið af til sjóðsins.

Samningsaðilar og Samtök iðnaðarins telja að með þessu samkomulagi hafi verið stigið mjög þýðingarmikið skref til þess að efla menntun og hæfni verk-



stjóra. Ljóst er að góðir millistjórnendur gegna hér eftir sem hingað til lykilhlutverki í stjórnun fyrirtækja. Því er höfuðnaðsýn að þeir uppfylli ávallt þær kröfur sem til þeirra eru gerðar um menntun og hæfni. Þess vegna markar þetta samkomulag tímamót og verður vonandi bæði verkstjórum og fyrirtækjum til heilla.

Ingólfur Sverrisson

Fyrirtækið Set í örum vexti Fagnar 30 ára afmæli

Útflutningur plaströverksmiðjunnar Sets hf. á Selfossi fer stöðugt vaxandi og helst í hendur við útrás Íslandnga á sviði orkumála. Bergsteinn Einarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir að verið sé að íhuga að hefja starfsemi í Þýskalandi eða á Norðurlöndum. Reynsla fyrirtækisins í framleiðslu og þjónustu við hitaveitur feli í sér þekkingarverðmæti og útflutningsmöguleika.

Set 30 ára

Set fagnaði 30 ára afmæli 14. júní sl. Af því tilefni tilkynntu bæjaryfirvöld í Árborg að fyrirtækinu hefði verið úthlutað lóð undir starfsemi sína við Eyrarbakkeveg,

skammt neðan við byggð á Selfossi. Þar verður reist framleiðsluhús en á næstu misserum mun hluti vörulagers vera á lóðinni.

Bergsteinn segir sveiflur á krónunni hafa breytt stöðu framleiðenda í samkeppni við innflutta vöru. Á undanförmum árum hefði hátt gengi skapað mikinn



Bergsteinn og hljómsveitin Raflost

vanda og hamlað útflutningi. Staða krónunnar nú leiði af sér sterkari stöðu. Hann telur upptöku evru aðeins tímaspursmál en hátt vaxtastig ógni atvinnurekstri og nýsköpun.




Jón Sigurðsson, Össuri og Einar Eliasson stofnandi Sets



Atli Gíslason Bergsteinn og Ólafur Helgi sýslumaður



Sigurður Bragi stjórnarmaður SI og eiginkona Bergsteins Hafdís Kristjánsdóttir



Iðnnám ... nema hvað?

Iðnnám veitir þér aðgang að skemmtilegu, skapandi og vel launuðu starfi og gefur þér kost á háskólanámi. Iðnnám skapar þér óteljandi möguleika.

Kíktu á framboðið á www.idan.is/nam-og-storf – þar eru yfir 60 námsgreinar í boði.

SI

Samtök iðnaðarins